

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, . . . kr. 750,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 206, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 19. júní 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 367, 5. ágúst 1975.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnhemli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnsheimils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður heimilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling heimils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.
a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	220,00
b. Vatnsgjald á mánuði	360,00
fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu heimils.	

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til skrifstofu Ólafsfjarðarkaupstaðar. Gjaldalagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

	kr.
Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli	22 600,00
og síðan	44,00
fyrir hvern m ³ þar yfir.	

7. gr.

Hitaveitu Ólafsfjarðar er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld skv. 4. og 6. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Gjöld skv. 4. og 6. gr. miðast við byggingarvísitölu. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 1 ári á hluta gjaldsins ef um er samið á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld hafa ekki verið greidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, í hvert skipti kr. 800,00.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem hitavatsnæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 7, 7. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 24,20
2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils ... kr./ári 6 662,00

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 3 104,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" kr. 4 363,00

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr. 37 277,00
hver m ³ yfir 400 að 2000 m ³	kr./m ³ 31,90
Fyrir 2000 m ³	kr. 87 613,00
hvern m ³ þar yfir	kr./m ³ 26,40